

Greinargerð vegna St. Jósefsspítala

Til : Auður Þorkelsdóttir
Frá : Guðlaug Kristjánsdóttir
CC : Steinunn Þorsteinsdóttir
Heiti : Greinargerð vegna St. Jósefsspítala
Málsnúmer : 1301188
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 04.02.2015 12:45:20
Höfundur : Guðlaug Kristjánsdóttir

Sæl Auður,

Hér að neðan er greinargerð með dagskrárliðnum um St. Jósefsspítala sem óskast send bæjarfulltrúum.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði er að einum sjötta í eigu bæjarins á móti meirihluta eignarhaldi ríkisins. Eftir áralanga óvissu um framtíðarstarfsemi í húsnæði spítalans var honum alfarið lokað af hálfu ríkisins árið 2011. Frá þeim tíma hafa bæjaryfirvöld leitað ýmissa leiða til að hefja megi á ný starfsemi af einhverju tagi í umræddu húsnæði en ekki haft erindi sem erfiði. Í ársbyrjun 2014 var orðið ljóst að heilbrigðisráðuneytið hyggur ekki á frekari not á þessu húsnæði fyrir ríkisrekna heilbrigðisþjónustu, enda var húsnæðinu á þeim tímapunkti skilað frá ráðuneytinu til fasteigna ríkisins.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er kveðið á um að húsið að Suðurgötu 41 skuli hýsa samfélagsþjónustu.

Í samstarfssáttmála núverandi meirihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar segir að leitað verði leiða til að hefja aftur starfsemi í St. Jósefsspítala í samstarfi hagsmunaaðila.

Haustið 2014 óskuðu fasteignir ríkisins eftir því við bæjaryfirvöld að húseignirnar Suðurgata 41 og 44 yrðu auglýstar til sölu og var það gert. Ekki bárust viðunandi kauptilboð í eignirnar, en auglýsingaferlið leiddi í ljós mögulegt verðmat húsanna á opnum markaði, sem og hvers konar not áhugasamir kaupendur gætu hugsað sér af þeim, sem voru annars vegar íbúðir og hins vegar hótél.

Á þessum tímapunkti er það mat bæjaryfirvalda að rétt sé að leita leiða til að fá fullt forræði yfir þessum fasteignum og hyggst bæjarstjórn því fela bæjarstjóra að hefja viðræður við ríkið í því augnamiði. Komi til þess að bærinn fái forræði yfir húseignunum verður þegar þar að kemur settur á laggirnar starfshópur um framtíðarnotkun og næstu skref.

b.kv.

gk

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)